



Staðarreglur um hegðun Meistaramóts GKG 2025

Þannig samþykkt af Mótsstjórn Meistaramóts GKG júlí 2025

Leikmenn skulu við þátttöku sína í Meistaramóti GKG 2025 haga framkomu sinni allri í samræmi við 10. gr. móta- og keppendareglna GSí og samkvæmt siðareglum ÍSí og hegðunarviðmiðum þess.

Brot á hegðunarreglunum geta varðað vítum, samanber eftirfarandi dæmi.

Eðli brots	Fyrsta brot	Annað brot	Þriðja brot	Fjórða brot
Minniháttar brot, t.d.: • Truflun, t.d. vegna síma. • Torfusneplar ekki settir á sinn stað.	Áminning	Eitt vítahögg	Almennt víti	Frávísun
Almenn brot, t.d.: • Óvirðing við starfsmenn eða aðra leikmenn. • Kasta kylfu í bræðiskasti.	Eitt vítahögg	Almennt víti	Frávísun	
Alvarleg brot, t.d.: • Óþarfa skemmdir á flötum. • Kasta kylfu í bræðiskasti og setja einhvern einstakling í hættu.	Almennt víti	Frávísun		
Mjög alvarleg brot, t.d.: • Líkamsárás. • Að hafa rangt við. • Neysla vímuefna.	Frávísun			

Brot safnast upp innan mótsins, þ.e. horft er á keppnina í heild sinni þegar litið er til endurtekinna brota.

Framangreind dæmi eru alls ekki tæmandi heldur einungis til viðmiðunar. Lokaákvörðun um víti er ávallt í höndum dómara og mótsstjórnar.